

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð hjartasjúklinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður hjartasjúklinga.
Kennitala 491006-1020.
Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins var 2.000.000 -tvær milljónir króna-, en það voru framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum vegna kaupa á minningakortum á vegum Landssamtaka hjartasjúklinga. Þegar stofnfé sjóðsins hefur fimmfaldast má aldrei skerða þann stofn.
Stofnfé sjóðsins er kr. 10.000.000 -tíu milljónir króna- þann 9. september 2006.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að aðstoða hjartasjúklinga á margvíslegan hátt svo sem:

1. Með styrkveitingu í langvarandi veikindum að loknum lög- og sammingsbundnum greiðslum.
2. Styrkja hjartasjúklinga sem fara í kostnaðarsamar aðgerðir erlendis.
3. Taka þátt í kostnaði við endurhæfingu hjartasjúklinga og námskeið fyrir fagaðila til aukinnar þekkingar við meðferð hjartasjúklinga.
4. Veita styrki til tækjakaupa.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög vegna sölu minningarkorta.
2. Verðbætur og vextir.
3. Framlög til sjóðsins og annað fé, svo sem áheiti og gjafir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara. Stjórnin er kjörin á aðalfundi Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, til 3ja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir þing. Stjórnin ber ábyrgð á eigum og rekstri sjóðsins, heldur fundargerðabók þar sem allar ákvarðanir eru færðar til bókar, samþykktar og undirritunar í lok hvers fundar.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fánlegum kjörum á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu löggiltir endurskoðendur Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu reikningar lagðir fram árlega, eigi síðar en í lok maí, fyrir stjórn Hjartaheilla.

7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur á móti umsóknnum og ákveður úthlutun úr sjóðnum. Beiðni um styrkveitingu skal skilað á umsóknareyðublaði sjóðsins til skrifstofu Hjartaheilla ásamt viðeigandi gögnum.

Framkvæmdastjóri Hjartaheilla sér um greiðslur samkvæmt ákvörðun stjórnar.

8. gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar sjóðsins ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að tillaga um það komi frá meirihluta stjórnar sjóðsins og að tillagan verði samþykkt með 2/3 hlutum atkvæða á aðalfundi Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og fellur þá jafnframt úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 24. mars 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. nóvember 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.